



Fasteignaskattur í Pingeyjarsveit

Gjaldskrá 2026

1. gr.

Flokkar fasteignaskatts:

- a) 0,595% af fasteignamati:
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
- b) 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:
Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
- c) 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Gjalddagar eru átta: 1. feb. 1. mars, 1.apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september og eindagi 3. dag næsta mánaðar. Álagning sem er 25.000 kr. eða lægri er innheimt með einum gjalddaga þann 1. apríl.

Reglur um afslætti af fasteignaskatti:

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði að hluta, eða fullu, hjá elli og örorkulífeyrisþegum sem búa sér í eigin húsnæði enda sé íbúðarhúsnæðið ekki notað til útleigu eða annarra nota.

Afsláttar njóta þeir;

- a) sem verða 67 ára á árinu eða eldri.
- b) sem eru orðnir örorkulífeyrisþegar fyrir 1. janúar 2026.

Ef um hjón eða samskattað sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur eða örorka þess lífeyrisþega sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.

100% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur allt að kr. 6.444.115.

Hjón með árstekjur allt að kr. 8.931.320.

80% lækkun:



Einstaklingar með árstekjur frá kr. 6.444.116 til kr. 7.348.555.
Hjón með árstekjur frá 8.931.321 til 9.948.817.

50% lækkun:

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 7.348.556. til kr. 8.479.100.
Hjón með árstekjur frá kr. 9.948.818. til kr. 10.401.037.

Við fráfalið má eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfalið.

Gjaldskráin er samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 27. nóvember 2025.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2026.


Gerður Sigtryggisdóttir
sveitarstjóri